

Ed.

421. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. Nd. hefir fært frv. þetta að efni til aftur í það horf, er það var í, er það kom fyrst hingað til deildarinnar. Er svo að sjá á framhaldsnefndaráliti allsherjarnefndar Nd. á þingskjali 316 sem hún hafi litið svo á sem vjer og hæstv. Ed. vildum hafa áhrif á það, hve nær bankastjórinn færi frá starfi sínu, en þennan skilning verðum vjer að telja með öllu óheimilan, og hefir hann hvorki stað í nefndaráliti voru á þingskjali 218 nje í umræðum um málið hjer í deildinni. Bankastjórinn lýsti því eindregið yfir hjer í nefndinni, að hann óskaði að losna sem fyrst úr bankastjórastöðunni, og í samráði við hann og eftir ósk hans var 1. júlí settur sem það tímatakmark, er hann ætti að fá eftirlaun frá, til þess að hann gæti farið frá án þess að þurfa að biða eftir því, að lögin gengju í gildi, sem ekki myndi hafa orðið fyrri en einhverntíma í haust eða vetur. Nefndarálit vort á þingskjali 218 var sýnt bankastjóranum og samþykkt af honum áður en það var prentað, og höfðum vjer því að engu leyti farið bak við hann í málinu.

Það kom því nokkuð flatt upp á nefndina er bankastjórinn lýsti því yfir í Nd., að hann gæti ekki sætt sig við frv. í búningi Ed., og verður meiri hlutinn því fremur að leggja áherslu á, að lögin öðlist sem fyrst gildi, en minni hlutinn (fundaskrifarinn) getur sætt sig við, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Meiri hlutinn leggur því til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR.

1. Frumvarpstextinn verði 1. gr.
2. Ný önnur grein bætist við, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 29. júní 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason.